

Bætur vegna veikinda og slysa

08 211

Ársreikningur 2022

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstjóra	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Bætur vegna veikinda og slysa
Fjárlagaliðurinn er í umsjón
Sjúkratrygginga Íslands
kt. 480408-0550
Vínlandsleið 16, 113 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstjóra

Fjárlagaliðurinn Bætur vegna veikinda og slysa tekur til sjúkradagpeninga samkvæmt lögum um sjúkratryggingar, slysatrygginga samkvæmt lögum um slysatryggingar almannatrygginga og bóta samkvæmt lögum um sjúklingatryggingu. Áður tilheyrðu þessi verkefni þremur fjárlagaliðum að hluta eða öllu leyti, þ.e. Sjúkratryggingum, Slysatryggingum og Sjúklingatryggingu. Eignir, skuldir og skuldbindingar voru færðar til hins nýja fjárlagaliðar að hluta eða öllu leyti. Sjúkratryggingar Íslands hafa umsjón með fjárlagaliðnum.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 29 og málaflokk 60 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 2.418,2 milljónir og afkoma kr. 452,4 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 452,4 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 675,1 milljónir.

Starfsemi stofnunarinnar á árinu 2022 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáráukalögum fyrir árið 2022.

Það er álit mitt að ársreikningur 2022 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Bóta vegna veikinda og slysa í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstjóri staðfestir hér með ársreikning Bóta vegna veikinda og slysa fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Sigurður Helgi Helgason,
forstjóri

(Undirritun rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	2.311.000.000	2.028.100.000
Framlög og ýmsar tekjur		<u>107.196.937</u>	<u>102.937.740</u>
Tekjur samtals		2.418.196.937	2.131.037.740
Gjöld			
Framlög og tilfærslur	3	1.901.278.291	1.770.200.407
Annar rekstrarkostnaður	4	<u>64.443.856</u>	<u>64.510.431</u>
Gjöld samtals		1.965.722.147	1.834.710.838
Afkoma fyrir fjármagnsliði		452.474.790	296.326.902
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		7.910	0
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		<u>(84.759)</u>	<u>0</u>
		(76.849)	0
Afkoma ársins		<u>452.397.941</u>	<u>296.326.902</u>
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	2	30.076.232	38.827.309
Rekstrartilfærslur		<u>422.321.709</u>	<u>257.499.593</u>
		452.397.941	296.326.902

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr	31.12.2022	31.12.2021
Eignir			
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	5	652.879.698	515.862.521
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	6	22.248.283	19.864.679
Veltufjármunir samtals		<u>675.127.981</u>	<u>535.727.200</u>
Eignir samtals		<u>675.127.981</u>	<u>535.727.200</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	7		
Hrein eign		452.397.941	296.326.902
Eigið fé samtals		<u>452.397.941</u>	<u>296.326.902</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	5	45.980.536	49.598.146
Viðskiptaskuldir		145.876.882	151.769.440
Ýmsar skammtímaskuldir	8	30.872.622	38.032.712
Skuldir samtals		<u>222.730.040</u>	<u>239.400.298</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>675.127.981</u>	<u>535.727.200</u>
Aðrar upplýsingar	9		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		452.397.941	296.326.902
		<u>452.397.941</u>	<u>296.326.902</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(2.383.604)	(1.334.363)
Tengdir aðilar		(436.961.689)	(384.362.657)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		(13.052.648)	89.370.118
		<u>(452.397.941)</u>	<u>(296.326.902)</u>
	Handbært fé frá rekstri	<u>0</u>	<u>0</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
	Handbært fé í árslok	<u>0</u>	<u>0</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2022	2021
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	2.311.000.000	2.028.100.000
	<u>2.311.000.000</u>	<u>2.028.100.000</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	(12.600.000)	2.323.600.000	0	2.311.000.000
Fjárveiting til tekna	(12.600.000)	2.323.600.000	0	2.311.000.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum	42.676.232	(1.901.278.291)	0	(1.858.602.059)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	30.076.232	422.321.709	0	452.397.941

	2022	2021
3 Framlög og tilfærslur		
Rekstrartilfærslur aðrir	1.901.278.291	1.770.200.407
	<u>1.901.278.291</u>	<u>1.770.200.407</u>

4 Annar rekstrarkostnaður

Sérfræðiþjónusta	63.981.235	63.810.145
Tapaðar kröfur	462.621	700.286
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>64.443.856</u>	<u>64.510.431</u>

31.12.2022 **31.12.2021**

5 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	651.916.471	514.573.256
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	963.227	1.289.265
	<u>652.879.698</u>	<u>515.862.521</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	45.980.536	49.598.146
	<u>45.980.536</u>	<u>49.598.146</u>

6 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður	30.113.759	27.730.155
- Niðurfærsla vegna tapsáhættu	(7.865.476)	(7.865.476)
	<u>22.248.283</u>	<u>19.864.679</u>

Skýringar

7 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2022	31.12.2021
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	296.326.902	304.085.487
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	(296.326.902)	(304.085.487)
Afkoma ársins	452.397.941	296.326.902
Jöfnuður 31.12.	<u>452.397.941</u>	<u>296.326.902</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

	31.12.2022	31.12.2021
8 Ýmsar skammtímaskuldir		
Önnur ógreidd gjöld	30.872.622	38.032.712
	<u>30.872.622</u>	<u>38.032.712</u>

9 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Engir skuldbindandi samningar hjá fjárlagalið.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum fjárlagaliðarins í árslok 2022.

Veittar ábyrgðir

Fjárlagaliðurinn hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Fjárlagaliðurinn hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hans.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.